

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu nr. 361/2016, ásamt síðari breytingum.**

1. gr.

*Innleiðing gerða.*

Töluliður 1.2 í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 361/2016 um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu orðist svo: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2054 frá 8. nóvember 2017 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur (EES-viðbætur nr. 54, frá 23. ágúst 2018, bls. 270-306) sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2018, 6. júlí 2018.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4., 5., og 14. gr. laga um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu, nr. 58/2010, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 6. nóvember 2018.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

\_\_\_\_\_  
*Sturla Sigurjónsson.*